

2347. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 12. maí 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Börkur Edvardsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

Ingi Sigurðsson varaformaður

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Ómar Smárason sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2346). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fjármál - Þriggja mánaða uppgjör.
 - a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir þriggja mánaða uppgjör sambandsins. Reksturinn er heilt yfir á áætlun. Stjórnarmenn lögðu fram spurningar, m.a. um kostnað við landsliðsverkefni, og Bryndís var til svara.
3. Fundargerðir nefnda og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Fundargerðir fimm nefnda lagðar fram:
 - i. Markaðsnefnd frá 6. maí þar sem m.a. var fjallað um markaðsstarf í kringum landsleiki og umgjörð landsleikja á Laugardalsvelli.
 - ii. Mannvirkjanefnd (2 fundir) frá 9. og 26. mars þar sem m.a. var fjallað um reglugerð um knattspyrnuleikvanga og vallarleyfi.
 - iii. Fjárhagsnefnd frá 11. maí þar sem fjallað var um árshlutauppgjör fyrir janúar til mars 2026.
 - iv. Mótanefnd frá 21. apríl þar sem m.a. var fjallað um vallarmál og ýmsar áskoranir í niðurröðun leikja.
 - v. Viðurkenningarnefnd frá 24. apríl þar sem m.a. var fjallað um fyrirkomulag viðurkenninga og reglugerð.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson fór yfir helstu fréttir af vettvangi ÍTF. Mótin eru komin vel af stað og ánægjulegt að það sé að mælast aukning á áhorfendafjölda milli ára í fyrstu umferðum Bestu deilda karla og kvenna. Samningur við Sýn um útsendingarrétt í Bestu deildum karla og kvenna hefur verið framlengdur um eitt ár. Stjórnarmenn ræddu almennt um niðurröðun leikja, sjónvarpssamninga, þá útfærslu að vera með marga leiki í Bestu deildum sama dag og á sama tíma, og um sameiginlega ábyrgð félaga,

sjónvarpsrétthafa og KSÍ varðandi umgjörð leikja.

4. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra/skrifstofu.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á ýmsum málum.

A landslið kvenna lék tvo heimaleiki í apríl og framkvæmd leikjanna gekk vel. Framundan eru verkefni hjá báðum A landsliðum og einnig yngri landsliðum.

Umgjörð og veitingasala til áhorfenda á landsleikjum er til skoðunar hjá KSÍ og unnið er að útfærslum.

Samið hefur verið við Livey um útsendingarrétt frá bikarkeppni neðri deilda karla, sem heitir nú Gatorade-bikarinn og er kynnt í sérstöku samstarfi við Fótbolta.net.

Árleg ráðstefna UEFA um mannauðs- og fjármál knattspyrnusambanda var haldin í Varsjá, Póllandi í byrjun maí. Eysteinn og Bryndís fjármálastjóri voru fulltrúar KSÍ þar.

Nýr samningur við dómara er í vinnslu.

FIFA þing var haldið í Vancouver, Kanada í lok apríl og voru fulltrúar KSÍ þar þeir

Þorvaldur formaður, Ingi varaformaður og Eysteinn framkvæmdastjóri. Þorvaldur fór yfir nokkur helstu málin sem fjallað var um á þinginu. Stjórnarmenn ræddu ýmislegt þessu tengt og voru Þorvaldur og Eysteinn til svara.

5. Móta- og dómaramál.

- a. Helga formaður mótanefndar fór yfir ýmislegt tengt mótamálum og niðurröðun. Úrslitakeppni EM U19 kvenna í sumar, þar sem Ísland verður á meðal þátttökuliða, skapar ákveðnar áskoranir í niðurröðun og unnið er að lausnum. Verkefni annarra landsliða, m.a. verkefni U16 kvenna og verkefni A landsliða kvenna, eru einnig að skapa viðfangsefni fyrir mótanefnd í Lengjudeild kvenna.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór almennt yfir stöðuna í dómaramálum. Dómaramál ganga heilt yfir vel og mótin fara vel af stað.

6. Lög og reglugerðir.

- a. Eysteinn Pétur fór yfir tillögu frá ÍTF, fyrir hönd félaganna í Lengjudeildum, um fjölgun varamanna úr 7 í 9 í Lengjudeildum karla og kvenna. Eysteinn rifjaði upp söguna á bak við tillöguna, m.a. fyrri samþykktir um svipuð mál frá ársþingum KSÍ. Stjórnarmenn ræddu tillöguna frá ýmsum sjónarhornum og voru sammála um að ekki væri hægt að taka þessa breytingu upp á núverandi keppnistímabili, enda mótin farin vel af stað og að mörgu að hyggja áður en ráðist er í breytingar á fjölda varamanna. *Stjórn KSÍ fagnar frumkvæði félaganna og samþykkti að taka tillöguna til nánari umfjöllunar.*
- b. Eysteinn kynnti minnisblað mannvirkjanefndar KSÍ með tillögum um breytingar á reglugerð KSÍ knattspyrnuleikvanga. Minnisblaðið fjallar m.a. um öryggisstaðla, flokkun leikvanga, stærð varamannaskýla og búningsklefa, og gæðakröfur um útbúnað leikvalla.
- c. Lögð fram tillaga að skipan í grasrótarnefnd.

Grasrótarnefnd

Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður

Guðmundur Bj. Hafþórsson

Björgvin Brynjólfsson

Matthildur Ásmundardóttir

Petra Lind Einarsdóttir

Rúnar Már Sverrisson

Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmaður

Sóley Guðmundsdóttir, starfsmaður

Stjórn samþykkti tillöguna.

- d. Skýrsla starfshóps - *Rýning og mat á mótum í meistaraflakki kvenna og keppnisfyrirkomulagi þeirra*. Minnisblað lagt fram til kynningar. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór í stuttu máli yfir helstu atriði. Meðal þess sem fram kemur í samantektarkafli minnisblaðsins er að starfshópurinn hafi verið sammála um að ef ætti að ráðast í breytingar á deildunum þyrftu þær að gerast í skrefum og með góðum útgefnum fyrirvara. Breytingar sem mætti skoða væri að samræma fyrirkomulag efstu deildanna og lengja tímabilið í Lengjudeildinni. Það væru klárlega tækifæri til að vekja meiri áhuga á deildunum og bæta þær. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum og mun stjórn KSÍ fá nánari kynningu þegar niðurstöður liggja fyrir.

7. Önnur mál.

- a. Í liðinni viku var haldið upp á 90 ára afmæli Víðis í Garði og af því tilefni afhentu fulltrúar KSÍ heiðursviðurkenningar.
 - i. Sérstök viðurkenning: Sigurður Ingvarsson.
 - ii. Gullmerki KSÍ: Hrönn Edvinsdóttir.
 - iii. Silfurmerki KSÍ: Guðmundur Jens Knútsson, Guðjón Guðmundsson, Eva Rut Vilhjálmsdóttir, Sigríður Þorleifsdóttir, Jón Ragnar Ástþórsson, Sólmundur Einvarðsson, Einar Karl Vilhjálmsson.
- b. Greint var frá því að Byggðaráð Norðurlþings hefði fjallað um áskorun ársþings KSÍ til yfirvalda íþróttamála, sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ um ferðakostnað félaga. Byggðaráðið tekur undir áskorunina og hvetur ríkisstjórn Íslands til að ríða á vaðið og hækka nú þegar framlög í Ferðasjóð íþróttafélaga.
- c. Eysteinn greindi frá því að KSÍ hefði í tilefni af 80 ára afmæli sambandsins á næsta ári óskað eftir því við Knattspyrnusamband Evrópu að fundur aðalstjórnar UEFA verði haldinn í Reykjavík í september 2027. UEFA hefur tekið vel í erindið og er það í skoðun. Stjórnarmenn KSÍ ræddu almennt um afmælisárið, mögulegar leiðir til að fagna þeim áfanga í knattspyrnusögunni sem 80 ára afmæli KSÍ er, og ræddu stofnun sérstakrar afmælisnefndar.
- d. Helga Helgadóttir situr í kvennanefnd UEFA og sagði frá fundi sem hún sótti nýlega í þeirri nefnd. UEFA kynnti þar að mikið sé fjallað um vöxt í kvennaknattspyrnu almennt, en jafnframt lögð áhersla á að samböndin geri sér grein fyrir því að þróunin er ekki alls staðar jafn hröð. Vakin var athygli á því að samböndin mættu vera meðvituð um möguleikann á því að vera með ólíka nálgun í markaðssetningu og upplifun á leikjum kvenna, hvort sem um ræðir leiki félagsliða eða landsliða.
- e. Heimir Fannar ræddi um landsliðsmál almennt og lagði m.a. fram vangaveltur um val á landsliðsverkefnum, kostnað við landslið og áhrif þess kostnaðar á verkefnaval, og ekki síður um jafnvægi milli kostnaðar og umgjörðar, þróunar leikmanna/liða og árangurs. Margir stjórnarmenn tóku til máls, ræddu efnið frá ýmsum hliðum og veltu upp spurningum, m.a. um fjölda landsleikja og kostnað. Þorvaldur formaður og Eysteinn framkvæmdastjóri voru til svara.

Fundi slitið kl. 17:55.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 25. júní og 13. ágúst.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynadóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Undirritunarsíða

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir